

Alþingi
Erindi nr. P 131/608
komudagur 14.12.2004



UNIVERSITY OF ICELAND

FACULTY OF SOCIAL SCIENCES

Reykjavík, 10. desember 2004.

Til allsherjarnefndar Alþingis.

Í bréfi til Háskóla Íslands frá 22. nóvember 2004 óskaði allsherjarnefnd eftir umsögn Háskóla Íslands um tillögu til þingsályktunar um rannsókn á þróun valds og lýðræðis (þskj. 21). Háskólarektor hefur falið undirrituðum að veita umsögnina.

Það er mjög mikilvægt að framkvæma ítarlega og vandaða rannsókn á lýðræði og valdi á Íslandi. Slíkar rannsóknir hafa verið gerðar á undanförunum árum í Noregi, Danmörku og Svíþjóð. Þær rannsóknir hafa verið kynntar nokkuð hér á landi á þessu ári í tengslum við starf lýðræðisnefndar Norrænu ráðherranefndarinnar, en sú nefnd var skipuð að frumkvæði Íslendinga þegar þeir gegndu formennsku í ráðherranefndinni. Ljóst er að norrænu rannsóknirnar varpa mikilvægu ljósi á stöðu lýðræðisins í þessum löndum og eru nauðsynlegur grundvöllur upplýstrar umræðu um framtíð lýðræðiskerfanna og margvíslegan vanda sem ýmsir telja að þau standi frammi fyrir. Jafnframt hefur komið í ljós að sambærilegar upplýsingar sárvantar um Ísland, þó ýmsar rannsóknaniðurstöður íslenskra stjórn málafræðinga undanfarin ár hafi komið að góðu gagni.

Afar mikilvægt er að rannsókn af þessu tagi sé vandlega undirbúin og lúti öflugri fræðilegri forystu. Á hinum Norðurlöndunum hafa prófessorar í stjórn málafræði skipulagt rannsóknirnar og stjórnað þeim. Viðfangsefnið er að meginstofni til á sviði stjórn málafræði, þó vissulega skarist það við viðfangsefni t.d. lögfræði, félagsfræði og hagfræði. Í þessu ljósi má gera athugasemd við það fyrirkomulag sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir varðandi skipan umsjónarnefndar, en þar er háskólum sem sinna hvorki kennslu né rannsóknum í stjórn málafræði ætlað að skipa fulltrúa í nefndina.

Virðingarfyllst,

Dr. Ólafur Þ. Harðarson,
prófessor í stjórn málafræði og forseti félagsvísindadeildar HÍ.